

Menntamálanefnd Alþingis

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á höfundalögum, nr. 73/1972, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 132. löggjafarþingi 2005–2006.) 222. mál

Reykjavík 4. nóv. 2005

**Upplýsing – félag bókasafns og upplýsingafræða** hefur fengið í hendur frumvarp til laga um breytingar á höfundalögum.

Innan Upplýsingar hefur **starfshópur um höfundarétt** haft það hlutverk að fylgjast með innleiðingu Infosoc tilskipunar Evrópusambandsins í lög Íslands og annarra Evrópulanda. Í hópnum eru fulltrúar hinna ýmsu tegunda bókasafna, þ.e. háskólabókasafna, almenningsbókasafna, sérfræðibókasafna og skólabókasafna. Fulltrúarnir hafa m.a. fylgst með og kynnt sér viðbrögð sem orðið hafa í nágrannalöndunum við tilskipuninni.

Hópurinn veitir því fúslega umsögn um frumvarpið f.h. Upplýsingar. Í umsögninni er fjallað um þau atriði frumvarpsins sem snerta bókasöfn, bæði beint og óbeint.

**Hlutverk bókasafna** er skilgreint í lögum um almenningsbókasöfn og í lögum um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Í aðalatriðum er það **tvíþætt**, þ.e. **varðveislulutverk og miðlunarhlutverk**. Svo dæmi sé tekið stendur í lögum um almenningsbókasöfn að þau skuli efla frjálstan og óheftan aðgang almennings að upplýsingum og þekkingarmiðlun. Við leggjum áherslu á að ákvæði í höfundalögum hindri ekki söfnin í að sinna þessum hlutverkum.

Bókasöfn hafa í árunna rás haft það **meginmarkmið** að veita öllum **jafnan aðgang að upplýsingum** og þar með að gögnum af ýmsu tagi og á mismunandi formi m.a. í því skyni „að skapa frumskilyrði til ævimentunar, sjálfstæðrar ákvarðanatöku og menningarþroska einstaklinga og þjóðfélagshópa“. (Yfirlýsing UNESCO um almenningsbókasöfn, þýð. Sigrún Klara Hannesdóttir)

Í 31. grein tilskipunarinnar er tekið fram að nauðsynlegt sé **að viðhalda réttlátu jafnvægi** milli mismunandi flokka rétthafa og notenda verndaðs efnis. Bókaverðir vilja gæta þess að hefðbundin þjónusta við notendur bókasafna skerðist ekki um leið og þess er gætt að ekki sé hallað á hagsmuni rétthafa. Bókaverðir leggja áherslu á að í höfundalögum sé tekið tillit til þessa atriðis.

Þá er það bókavörðum mikið kappsmál að mögulegt verði að veita notendum safnanna a.m.k. **sömu þjónustu** og hingað til. Það er ósk bókavarda að **ný tækni og rafrænn aðgangur** að gögnum af ýmsu tagi geti **auðveldað og flýtt fyrir** afgreiðslu gagna og bætt þjónustu við safngesti í stað þess að seinka eða koma í veg fyrir eðlilega afgreiðslu. Það væri bagalegt ef slíkar nýjungar yrðu til þess að takmarka aðgang notenda að upplýsingum en vissulega er veruleg hætta á því, bæði ef höfundalög takmarka aðgengi og

einnig ef þarf að greiða háar upphæðir fyrir miðlun upplýsinga sem hefur alla tíð verið sjálfsögð þjónusta á bókasöfnum.

Alþjóðleg samtök bókavaraðafélaga (IFLA) hafa bent á að ef réttarvernd höfundalaga er of viðtæk eða þóknun til rétthafa of há getur það leitt til þess að eðlilegt aðgengi að upplýsingum skerðist. Jafnframt hefur verið bent á að **ný tækni felur í sér nýja og aukna möguleika til aðgengis fyrir tiltekna hópa í þjóðfélaginu**, t.d. fatlaða eða þá sem stunda fjarnám, en felur líka í sér hættu á því að hægt verði að takmarka aðgengi fyrir þessa hópa.

IFLA telur að meðhöndla skuli **rafrænt efni líkt og prentað efni. Það sé enginn eðlismunur á efninu heldur bara munur á formi**. Það ætti ekki að skipta máli hvort bókavörður ljósriti pappírseintak af grein og sendi safngesti í pósti eða sendi honum rafrænt/stafrænt eintak í tölvupósti.

Eins og segir að ofan er það bókavörðum kappsmál að mögulegt verði að veita notendum safnanna **a.m.k. sömu þjónustu, ef ekki betri**, og hingað til án þess að raska réttlátu jafnvægi. Bókaverðir eru jafnframt sammála því að semja þurfi reglur um slíka dreifingu sem takmarka möguleika notenda á að brjóta höfundalög.

## **Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:**

### **2. gr.**

**Eintakagerð til einkanota** varðar ekki bókasöfnin beint en fer þó oft fram innan veggja bókasafna, þar sem notendum er veittur aðgangur að ljósritunarvélum og tölvum til útprintunar. Ógerningur er fyrir starfsmenn bókasafna að fylgjast með því í hvaða tilgangi eintakagerð fer fram og hún hlýtur að vera alfarið á ábyrgð þess sem eintakið gerir.

Við bendum samt á að erfitt getur orðið fyrir notanda að meta hvort eintakagerð til einkanota er talin vera í fjárhagslegum tilgangi eða ekki. Þar geta vaknað spurningar um **lögmæti eintakagerðar** og getur slíkt sett bókaverði i óþægilega aðstöðu. Það er því nauðsynlegt að settar verði skýrar reglur þar um.

Ákvæði í núverandi lögum um **takmarkaða eintakagerð í atvinnuskyni** er felld brott.

Við bendum á að það gæti komið sér illa fyrir **einstaklinga sem hafa sjálfstæðar rannsóknir að atvinnu** og þurfa að gera eintök til að nota við vinnu utan safns.

Margir **sjónskertir, lesblindir og fleiri**, sem nota bókasöfn, þurfa að fá allt sitt lesefni á stafrænu formi, hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki. Það veldur **misrétti** gagnvart þessum hópum ef þeir geta ekki gert eintök eftir prentuðu efni í atvinnuskyni. Undantekningarákvæðið í 19. gr í gildandi lögum um heimild til útgáfu á blindralettri er ekki full-

nægjandi í þessu sambandi. Það þarf að útfæra betur líkt og gert er í 17. grein dönsku höfundalaganna.

Ákvæðið um heimild til eintakagerðar til einkanota virðist líka stangast á við það sem segir í athugasemdum við greinina að **beiting tæknilegra verndarráðstafana** kunni að leiða til þess að eintakagerð til einkanota sé ekki möguleg.

Við leggjum til að **eintakagerð í atvinnuskyni** verði gerð möguleg, samkvæmt ákveðnum reglum, til sjálfstæðra rannsókna og ef viðkomandi er sjónskertur, lesblindur eða á annan hátt fatlaður með tilliti til lesturs.

### 3. gr.

Það er einkum þessi grein sem varðar starfsemi bókasafnanna beint.

Í fylgiskjali II við frumvarpið er lagt til að ákvæði í C-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar um **eintakagerð, sem ekki er vegna efnahagslegs ávinnings**, á opinberum bóka- eða skjalasöfnum, verði lagað að 12. gr. gildandi höfundalaga. Í athugasemdum við greinina er gert ráð fyrir því að þetta verði gert með sérstakri reglugerð.

Við tökum undir það sjónarmið sem fram kemur í athugasemdum við þessa grein frumvarpsins að mjög brýnt er að **reglugerð** sú, sem gert hefur verið ráð fyrir í 12. grein núgildandi laga, verði sett hið fyrsta. Við teljum ógerlegt fyrir söfnin að fara að höfundalögum, þar til það hefur verið gert, og bendum á ítarlega reglugerð sem Norðmenn hafa nýlega samþykkt.

Í fylgiskjali II við frumvarpið kemur einnig fram að ekki hafi þótt ástæða til að taka upp valfrjálsa undantekningu í N-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar, “varðandi **miðlun verka** eða annars efnis í söfnum til almennings eða að þau verði gerð aðgengileg almenningsi, til fræðistarfa eða einkarannsókna, **með þar til gerðum endabúnaði á athafnasvæði stofnananna**, enda falli verkin og efnið ekki undir kaup eða nytjaleyfisskilmála.”

Við teljum mjög mikilvægt að **þetta ákvæði verði tekið upp í 3. grein frumvarpsins**.

Það er einstaklega mikilvægt að nútíma bóka- og skjalasöfn hafi möguleika á, með endabúnaði, að miðla safnefni til notenda innan veggja safns, t.d. stafrænt af netþjóni. Þetta getur átt við ef hlífa þarf frumeintökum eða ef um útgefm hljóðrit eða annað sérhæft efni er að ræða sem söfnin vilja að notendur hafi aðgang að innan sinna veggja, til fræðistarfa og rannsókna.

Við vekjum athygli á að ákvæði þetta var tekið upp í dönsku höfundalögin með breytingu á þeim þann 22. desember 2004.

**Þjóðbókasafn** ætti að hafa skilyrðislausan rétt til að setja allar tegundir verka úr safni sínu á **stafrænt form í öryggis- og varðveisluskyni**, án þess að þurfa að sækja um leyfi til þess hverju sinni og einnig til að gera þau aðgengileg notendum. Sama gildir raunar um Blindrabókasafn Íslands.

Athuga þarf að lög um höfundarétt **stangist ekki á við lög um skylduskil til safna** nr. 20/2002 þar sem segir m.a. í 1. grein 1. kafla: „Tilgangur þeirrar skilaskyldu sem á er lögð í lögum þessum er að tryggja ... að **efnið geti verið tiltækt til nota** vegna rannsókna og fræðiiðkana eða annarra réttmætra þarfa.“ Í reglugerð um skylduskil til safna nr. 982/2003 segir ennfremur í 5. gr. um **stafræn verk**: „Af stafrænum verkum til notkunar í tölvu, sem gefn eru út á hljóðdiskum, mynddiskum, disklingi eða sambærilegu formi, skal afhenda þrjú eintök og hvílir skilaskylda á útgefanda. Til skilaskyldra verka samkvæmt þessu ákvæði telst m.a. skrifaður texti, tal, tónlist og önnur hljóðverk, myndlist, ljósmyndir, kvikmyndir, tölvugrafík, tölvuleikir, annað gagnvirkt efni og samsetningar framangreindra verka, þ.e. margmiðlunarefni. Verk útgefin á stafrænu formi eru skilaskyld, þrátt fyrir að þau kunni jafnframt að vera gefin út á pappír eða öðru hliðrænu formi“. Ennfremur segir í 6. gr. um **verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti**: „Undir þennan flokk falla vefsíður og önnur gögn – sem birt eru eða gerð aðgengileg almenningi á hinum íslenska hluta veraldarvefsins, þ.e. þjóðarléninu .is, svo og efni sem birt er á öðrum lénum á íslensku eða af íslenskum aðilum. Sá sem birtir verk á rafrænu formi á almennu tölvuneti skal veita móttökusafni aðgang að verkinu og láta í té aðgangsorð og aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að safnið fái aðgang að verkinu. Afhendingarskyldu telst fullnægt sé móttökusafni gert kleift að taka til sín stafrænt eintak af verkinu.“ Hér er kannski óljóst hvernig orðalagið „tiltækt til nota“ má túlka í tengslum við eintakagerð.

Í athugasemdum við 3. gr. er vitnað til 40. gr. tilskipunarinnar þar sem hvatt er “til þess að gerðir verði samningar eða veitt sérstök nytjaleyfi sem eru hagstæð þessum stofnunum og miðlunarhlutverki þeirra án þess þó að skapa misvægi.” (sbr. einnig ákvæði í dönsku höfundalögum 50 gr. og nýja gr. 16 b. frá 22. des. 2004).

Nauðsynlegt er að söfnin geti samið við samtök rétthafa um ákveðnar undantekningar gegn banni við **miðlun efnis á stafrænu formi** út fyrir sína vegg. Það á t.d. við um millisafnalán á greinum á stafrænu formi sem eru arftaki póstsendra ljósrita.

Einnig á það við í þeim tilvikum þegar bókasöfn vilja gera ákveðið safnefni aðgengilegt á netþjónum af einhverjum ástæðum og veita notendum **stafrænan aðgang** að á þeim stað og stundu sem þeir sjálfir kjósa. „**Stafræn bókasöfn**“ munu verða algeng hér á landi sem annars staðar. Það á einkum við um þjóðbókasöfn og háskólabókasöfn.

Hvað varðar **námsefni á netþjónum opinberra skólabókasafna**, t.d. fyrir fjarnema, væntum við þess að menntamálaráðuneytið f. h. ríkisins og/eða sveitarfélög semji við rétthafa um notkun og miðlun þess á vegum skólanna sem söfnin eru hluti af.

Söfn þyrftu líka að geta samið við rétthafasamtök um að mega ljósrita t.d. **nótur fyrir kóra og hljómsveitir** úr safnkosti sínum, en oft eru nótur ófánlegar nema á söfnum og eintakagerð þeirra óleyfileg nema til einkanota og bannað að leita til þess aðstoðar aðila sem taka slíka eftirgerð að sér í atvinnuskyni samkvæmt 11. gr.

Einnig þyrftu söfn að geta **lánað út notkunareintök** sem gerð hafa verið til að hlífa frumeintökum en það getur átt við um ófánlegar illa farnar bækur, viðkvæm eldri hljóðrit o.þ.h., sem fræðimenn geta þurft á að halda við rannsóknir og samanburð á sínum vinnustað.

Hvað varðar **nytjaleyfissamninga** um notkun stafræns efnis í starfsemi bókasafna, er rétt að benda á, að það getur verið mjög flókið að greina að efni sem greiða ber fyrir, þ.e. sem veldur réttihöfum umtalsverðum skaða og það sem gerir það ekki eða hefur þegar verið samið um, tilheyrir undantekningarákvæðum eða fellur ekki undir höfundaréttarákvæði. Mikil hætta er á **ofgreiðslum** vegna þessa. Þetta kemur fram í lögfræðilegri úttekt sem Norsk bibliotekforening lét gera um mat á nytjaleyfissamningum vegna notkunar stafræns efnis á bókasöfnum.

Við leggjum til að bætt verði við 3. gr. ákvæði um að **heimilt sé að gera nytjaleyfissamninga um miðlun safnefnis út fyrir stofnun**, ef þess gerist þörf til að slíkt verði unnt .

## 6. gr.

Við treystum því að breytingar á 24. gr. höfundalaga er lúta að **tæmingarreglu** hafi ekki áhrif á möguleika bókasafna til útlána á verkum útgefnum utan Evrópska efnahagssvæðisins og eins að söfnin geti áfram óhindrað aflað sér fræðiverka, bókmenntaverka og verka ætluðum innflytjendum frá ríkjum utan þess.

Við fögnum því, að ekki er lengur gert upp á milli tónverka og prentaðra verka hvað varðar útlánsrétt en bendum jafnframt á **skerðingu á leigurétti** sem nú mun gilda fyrir **öll safngögn** skv. 2. mgr.

Hvað 3. mgr. varðar þá hefðum við helst viljað fá hana út úr frumvarpinu en í henni er gert upp á milli kvikmyndaverka, stafrænna tölvuforríta og annarra verka hvað útlánsrétt varðar. Við gerum okkur hins vegar grein fyrir því, að erfitt geti reynst að fá hana fellda brott. Engu að síður leggjum við til, að gerð verði **undantekning fyrir bókasöfnin varðandi útlánsrétt á sigildum kvikmyndaverkum og fræðsluefni**, enda eru útlán á þessu efni ekki í fjárhagslegum tilgangi, fremur en önnur útlán safnanna. Eins og staðan er í dag er afar erfitt og flókið fyrir söfnin að afla sér útlánsréttar á helstu verkum kvikmyndasögunnar. Þetta á sérstaklega við um kvikmyndverk önnur en bandarísk. Við lítum á það sem hluta af menningarlegu uppeldi hvernar þjóðar að hafa greiðan aðgang að slíkum verkum og teljum það bitna á eðlilegu kvikmyndauppeldi íslensku þjóðarinnar að svo sé ekki.

Hvað erlendum fræðslumyndböndum og mynddiskum viðvíkur, er oft erfitt og tímafrekt að fá á hreint hvort kaupum á þeim fylgir útlánsréttur. Þetta getur bitnað á fjölbreytni og eðlilegu jafnvægi á framboði safngagna á mismunandi formi.

Æskilegt væri að **auðvelda greiðslur til höfunda** fyrir þetta efni með sanngjörnum hætti.

Okkur þykir einnig **óeðlilegt að gert sé upp á milli fylgiefnis prentaðra verka** eins og gert er í 2 mls. 3. mgr. Kvikmyndaverk jafnt sem önnur verk geta verið fylgiefni prentaðra verka, svo sem bóka sem fjalla um líkamsæfingar, fluguveiðar o.s.frv.. Við leggjum því til að 2. mls. 3. mgr. verði breytt þannig:

*Þetta gildir þó ekki þegar eintak af kvikmyndaverki eða tölvuforriti í stafrænu formi er hluti af bókmenntaverki og er lánað með því.*

## 12. gr. c.

Samkvæmt þessum ákvæðum er gert ráð fyrir að **sérstök úrskurðarnefnd** geti gert kröfu til þess að réttthafi veiti aðgang að nauðsynlegum úrræðum til að komast fram hjá tæknilegum aðgangshindrunum og til að geta nýtt sér undantekningarákvæði ákveðinna greina laganna, sem snerta bókasöfn, kennslu og rannsóknir, (ekki er meðtalin sú grein sem snertir sjónskerta og fatlaða). Ef réttthafi bregst ekki við kröfu úrskurðarnefndar getur þurft að biða í fjórar vikur til að hægt sé að sniðganga löglega hinar tæknilegu ráðstafanir. Að okkar mati getur þetta ferli orðið alltof þungt í vöfum. Til að koma í veg fyrir það er nauðsynlegt að settar séu reglur um ákveðna tilhögun til handa bókasöfnum. T.d. ætti skilyrðislaust að **afhenda skylduskilaefni án tæknilegra aðgangshindrana**. Sama gildir um ritað mál sem nauðsynlegt er að sjónskertir og aðrir notendur **Blindrabókasafns Íslands** fái aðgang að án tafar.

Ákvæði um leyfilega eintakagerð til einkanota virðast einnig stangast á við að réttthafar geti með tæknilegum aðgangshindrunum komið í veg fyrir hana. Hætt er við að hinu nauðsynlega jafnvægi milli réttthafa og notenda verði raskað með þessum ákvæðum, þar sem notendur verða háðir rétthöfum um löglega eintakagerð.

Við leggjum til að bætt verði við ákvæði í 12. gr. c. um tafarlausan aðgang fyrrnefndra safna og aðila framhjá tæknilegum aðgangshindrunum.

Virðingarfyllt,

Starfshópur um höfundarétt á vegum Upplýsingar, félags bókasafns- og upplýsingafræða

Ólöf Benediktsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar, tilnefnd af Upplýsingu  
Áslaug Agnarsdóttir, Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni, tilnefnd af Lbs-Hbs  
Sigurður J. Vigfússon, Borgarbókasafni, tilnefndur af Samtökum forstöðumanna í almenningubókasöfnum  
Þórhildur S. Sigurðardóttir, Menntasmiðju Kennaraháskóla Íslands, tilnefnd af háskólabókasöfnum  
Þórunn Snorrardóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, tilnefnd af bókasöfnum í framhaldsskólum.